

## **Borgarráð 22. ágúst 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hunda í skólum MSS24080085**

Hvað margir skólar í Reykjavík bjóða hunda velkomna í skólana til að veita nemendum stuðning og vellíðan?

Greinargerð

Nú er komið fordæmi fyrir að sérþjálfar hundar gangi í skóla til að styðja börn og veita þeim vellíðan. Fulltrúi Flokks fólksins telur að þetta sé til fyrirmyndar enda vita allir hvað nærvera hunda og margra annarra gæludýra er nærandi og slakandi. Ekki er endilega þörf á að hundur í þessu hlutverki sé sérþjálfður heldur eru allir þeir hundar sem eru barngóðir og barnvænir færir um að fara í heimsóknir í skóla að mati Flokks fólksins. Sjálfsagt er að setja einhvern grófan ramma í kringum heimsóknir hunda í skóla en í sjálfu sér er þetta ákvörðun skólayfirvalda í hverju skóla fyrir sig. Heilbrigðiseftirlitið hefur verið þrándur í götu þegar kemur að því að hleypa gæludýrum inn í skólana. Reglur sem nú gilda í því sambandi eru aftur úr fornöld og hefur Heilbrigðiseftirlitið lítið gert til að kalla eftir breytingum á þeim. Því meira sem börn umgangast hunda því óhræddari verða þau við þá, séu þau skelfd við dýrin fyrir. Einnig er nú staðfest að lausn á ofnæmi, kunni það að vera vandamálið, er ekki alfarið að finna með því að forðast ofnæmisvaldinn. En um það geta læknar betur tjáð sig en borgarfulltrúi Flokks fólksins sem ekki er læknismenntaður.